

Grenndarkynning

Fyrirhuguð skógrækt á jörðinni Ásgarður í Hvammssveit

Anna Berglind Halldórsdóttir
Magnússkógum III
371 Búðardalur (dreifbýli)

Með tilvísun í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fer hér með fram grenndarkynning vegna fyrirhugaðrar skógræktar á jörðinni Ásgarður í Hvammssveit.

Samtals er um að ræða 134 ha skógræktarsvæði og meðfylgjandi er greinargerð og uppdráttur af hinni fyrirhuguðu framkvæmd dags. 14.08.2020, unnin af Skógræktinni.

Svæðið skiptist í þrjá meginhluta og liggur umfangsmesta svæðið nærri fjöru í botni Hvammsfjarðar og skiptist í í beitarskóg og nytjaskóg. Ofan þjóðvegjar eru ráðgerð tvö aðskilin svæði sem liggja norðan og sunnan bæjar, annarsvegar beitarskógur og hins vegar fjölnytjaskógur.

Við hönnun skógarins verður tekið tillit til ýmissa þátta, þ.m.t. útsýnis frá Magnússkógum 3. Hægt er að fá nánari upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd hjá skipulagsfulltrúa Dalabyggðar í eftirfarandi netfang: skipulag@dalir.is.

Athugasemdafrestur er til föstudagsins 15. janúar 2021 og skal athugasemdum vinsamlegast skilað skriflega til skipulagsfulltrúa í pósthafið Miðbraut 11, 370 Búðardalur merkt: Skipulagsfulltrúi vegna skógræktar á jörðinni Ásgarður, eða með tölvupósti í netfangið: skipulag@dalir.is, merkt: Skipulagsfulltrúi vegna skógræktar á jörðinni Ásgarður.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd teljast samþykkir henni.

Búðardalur, 18. desember 2020.



Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi